

Ársfundur Listaháskóla Íslands 2007, haldinn 10. des. skýrsla rektors fyrir starfsárið 06 - 07

Starfsemi stjórnar:

Ársfundur 2006 haldinn 28. nóv., sérstaklega fjallað um byggingamál skólans.
Fundargerð og skýrslur liggja fyrir á vefsvæði skólans.

Stjórnarfundir 06 - 07 voru alls 15.

Skipan stjórnar: Karólína Eiríksdóttir, formaður
Sigurður Nordal, varaformaður
Pétur Einarsson
Kristinn E. Hrafnsson
Stefán Pétur Eggertsson.

Stjórn skólans starfar í samræmi við skipulagsskrá skólans og eftir sérstökum starfsreglum frá 2004 þar sem kveðið er á um skipulag stjórnarstarfa, starfshætti, hlutverk og skyldur stjórnarinnar. Starfsreglur og skipulagsskrá er að finna á vefsvæði skólans.

Tölfræði um nemendur:

Nemendur skólaárið 2006 – 07 voru 374; karlar voru 39,3 %, og konur 60,7 %
Erlendir skiptinemendur það sama ár voru alls 37
Alls útskrifuðust 122 nemendur úr skólanum síðastliðið vor og í haust.

Umsóknir um nám fyrir síðasta skólaár voru 525, um 39% þeirra voru frá körlum, um 61% frá konum.

Teknir voru inn 163 nýir nemendur haustið 2006, eða um þriðjungur þeirra sem sóttu um nám.

Nemendur sem eru skráðir til náms við skólann nú í haust, þ.e. haustið 2007, eru 403, þar af eru 31 % karlar og 69% konur.

Tölfræði um starfsmenn:

Alls voru stöðugildi við Listaháskólann skólaárið 88,3, fækkaði um eitt frá árinu áður.

Starfsmenn skiptast þannig eftir stöðugildum:

Fastráðnir kennarar og deildarforsetar:	35,9 stöðugildi
Stundakennarar:	22,9 stöðugildi
Aðrir starfsmenn:	29,5 stöðugildi

Að meðaltali eru 0,236 stöðugildi á nemandam eða 23,6 % hlutfall, sem er svipað og verið hafði árið áður.

Breytingar á föstum starfsmönnum:

Akademískir starfsmenn:

Deildarforseti tónlistardeildar, Mist Þorkeldsdóttir, endurráðin til þriggja ára Háskólakennarar í myndlistardeild:

Ingólfur Örn Arnarsson, prófessor í myndlist, lét af störfum í lok síðasta skólaárs í samræmi við ákvæði um hámarksráðningartíma í reglum um ráðningu akademískra starfsmanna.

Ann Líndal, prófessor í myndlist færðist á sama tíma úr fullu starfshlutfalli í 50 % hlutfall.

Tveir nýir háskólakennarar á sviði þrívíðrar myndlistar ráðnir:

Ólafur Sveinn Gíslason, í stöðu prófessors, fullt stöðugildi, frá 1. ág. 2007

Katrín Sigurðardóttir, í stöðu prófessors, 50% stöðugildi, ráðning tekur gildi 1. ágúst 2008.

Halldór Björn Runólfsson, lét af störfum sem lektor í listfræðum í myndlistardeild, tók við starfi forstöðumanns Listasafns Íslands; staðan hefur ekki verið auglýst.

Háskólakennarar í tónlist:

Árni Heimir Ingólfsson, dósent, færðist 1. ágúst s.l. úr fullu stöðu gildi í 50 % stöðugildi; tók við starfi tónlistarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands;

Háskólakennarar í leiklist:

Magnús Þór Þorbergsson, ráðinn í stöðu lektors í leiklistarfræðum / dramaturgíu, fullt starfshlutfall; tók gildi 1. ágúst;

Starf háskólakennara í tvívíðri myndlist verður auglýst til umsóknar nú í desember.

Nýir fagstjórar skólaárið 2006 – 07:

Steinþór Kári Kárason lét af starfi fagsjóra í arkitektúr, og tók Sigrún Birgisdóttir við því starfi 1. ágúst s.l.

Sigrún Sigurðardóttir, tók við starfi fagstjóra í fræðigreinum í hönnunar- og arkitektúrdeild haustið 2006, og Halldóra Ísleifsdóttir, varð á sama tíma fagstjóri í grafískri hönnun;

Forstöðumenn stoðsviða:

Anna Kristín Ólafsdóttir, lét af starfi forstöðumanns háskólaskrifstofu í lok skólaárs; við hennar starfi tók Björg Jóna Birgisdóttir; Björg hóf störf hér 15. ágúst s.l.

Ágúst Loftsson, tók við stöðu forstöðumanns tölvusviðs af Einari Bergmundi Arnbjörnssyni í apríl 07;

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir hóf störf 1. sept. sem nýr forstöðumaður rannsóknarþjónustu;

Aðrir starfsmenn:

Anna Kristín Pétursdóttir, lét af starfi deildarfulltrúa í tónlistardeild, við hennar starfi tók Sóley Björt Guðmundsdóttir;

Anna Júlía Friðbjörnsdóttir, lét af starfi þjónustufulltrúa í hönnunar- og arkitektúrdeild, og tók Björg Stefánsdóttir við því starfi

Sigurþór Heimisson hóf störf sem sérfræðingur á tölvusviði

Tveir starfsmenn voru svo í barnseignarorlofi frá því snemma á þessu ári, þær Álfún Guðrúnardóttir, kynningarstjóri, og Alma Ragnarsdóttir, alþjóðafulltrúi.

Fyrir Ölmur var ráðin Jórunn Magnúsdóttir, sem jafnframt hefur séð um ýmis önnur verkefni innan skólans.

Helstu málin skólaárið 06 - 07:

Umsókn um viðurkenningu Listaháskólans skv. nýjum lögum um háskóla nr. 63/2006
Stefnuyfirlýsing 2007 – 2011

Gerð viðmiða um æðri menntun og prófgráður í samræmi við ný háskólalög

Gerð gæðahandbókar fyrir stjórnslu skólans.

Undirbúningur fyrir stofnun rannsóknarþjónustu

Undirbúningur meistaranáms

Endurskipulagning náms í leiklistardeild, stofnun nýrrar dansbrautar

Starfsmannastefna.

Byggingamál.

Ný lög um háskóla / Umsókn um viðurkenningu:

Eins og greint var frá á síðasta ársfundi tóku ný lög um háskóla gildi sumarið 2006.

Með nýju lögum var um margt breytt starfsumhverfi háskólanna og um leið gerð aukin krafa um að skólarnir skilgreini starfsemi sína. Til grundvallar liggur að háskólar þurfa að sækja um viðurkenningu á þeim fræðasviðum sem þeir starfa á. Til að fá hana þurfa þeir að uppfylla ákveðin skilyrði, sem tiltekin eru í lögnum, og eru utanaðkomandi sérfræðingar fengnir til að meta hvort viðkomandi skóli uppfylli þau. Samkvæmt lögnum fá íslenskir háskólar allt að tvö ár til að laga sig að nýjum lögum.

Tímaramminn sem Listaháskólinn fékk var þó miklu styttri, því skólanum var ætlað að skila umsókn sinni eigi síðar en 1. mars 2007, þ.e. aðeins átta mánuðum eftir að lögin tóku gildi.

Umsókn Listaháskólans um viðurkenningu var eflaust stærsta sameiginlega verkefnið innan skólans á síðasta skólaári. Það var ekki bara að skrifa ítarlega umsókn í níu köflum, heldur einnig þurfti að ljúka mörgum verkefnum sem liggja til grundvallar umsókninni, og eins að vinna frá byrjun ýmsa skilgreiningavinnu sem ekki hafði verið talin brýn þörf á að vinna fram að því. Meðal þessara verkefna sem tengjast umsókninni sérstaklega vil ég nefna skilgreiningu á gæðakerfi og gerð gæðahandbókar skólans, gerð formlegra viðmiða um inntak náms og prófgráður fyrir hverja einustu námsbraut innan skólans, endurnýjun á stefnuyfirlýsingu skólans, og ekki síst söfnun alls konar formlegra gagna, sem teljast fylgi- og stuðningsgögn í stjórnslunni. Allt þetta, umsóknina, gæðahandbókina, viðmiðin um gæði náms og prófgráður, og fylgi- og stuðningsgögn, þurfti síðan að raða upp í heillega framsetningu, og síðan þýða mest af

efninu yfir á ensku. Alls voru þetta fleiri hundruð blaðsíður að pappír. Ég verð að segja að það var með ótrúlegum hætti hvernig okkur tókst að ljúka þessu flókna og mikla verkefni innan þeirra þröngu tímamarka sem okkur voru sett.

Umsókn Listaháskólans takmarkast við eitt svið: “listir.” Upphaflega ætlaðist menntamálaráðuneytið til þess að “listir” sem sérstakt svið heyrði undir fræðasviðið “hugvísindi,” og bar ráðuneytið fyrir sig að skilgreiningar OECD á fræðasviðum háskóla gerðu ekki ráð fyrir sérstöku sviði lista. Því væri Listaháskólinn felldur undir mat sérfræðinga á sviði hugvísinda, en þó með þeirri sérstöðu að í þeirri nefnd yrði einhverjir sérfræðingar sem hefðu sérþekkingu innan listanna. Við stjórnendur skólans gátum auðvitað ekki sætt okkur við að listir yrðu skilgreindar sem einhvers konar undirdeild í hugvísindum, og sendum ítarlegar greinargerðir til ráðuneytisins með rökstuðningi fyrir mikilvægi þess að skilgreina listir sem sjálfstætt svið. Þótt ekki væri mikið tekið undir málflutning okkar til að byrja með þróuðust málin þó þannig að sérstök nefnd sérfræðinga í listum og listmenntun var sett til að meta umsókn skólans, nefnd sem heyrði beint undir ráðherrann en ekki undir aðra nefnd eins og hugmyndir voru um til að byrja með, og síðar í ferlinu við matið og í viðurkenningunni varð það sjálfkrafa að hugtakið “fræðasvið listir” var tekið jafngilt öðrum fræðasviðum. Í mínum huga vannst mikill sigur í því að fá listir viðurkenndar með þessum hætti innan háskólaumhverfisins, sigur sem kannski ekki margir taka eftir en hefur þó meiri þýðingu en margt annað sem meira er látið með.

Eftir að umsókn skólans var skilað fór hún til meðferðar í menntamálaráðuneytinu og síðan í hendur sérstakrar matsnefndar, skipuð þremur sérfræðingum, sem ráðuneytið fékk erlendis frá. Hlutverk þeirra var fyrst og fremst að sannreyna þær upplýsingar sem skólinn gefur upp í umsókn sinni, og leggja mat á það hvort skólinn sem stofnun standi undir þeim kröfum sem gera verður til hans sem háskóla í alþjóðlegu umhverfi, og hvort hann uppfylli þau skilyrði sem menntayfirvöld hér gera um rekstur og framsetningu náms. Hér skal ítrekað að mat sérfræðingana tekur til skólans sem stofnunar, en ekki til gæði náms á einstökum brautum.

Sem lið í sinni vinnu heimsóttu sérfræðingarnir skólann 25. og 26. apríl, og áttu hér fjölmarga fundi með ýmsum hópum nemenda, kennurum, starfsfólki og stjórnendum skólans. Skólinn fékk svo til umsagnar bráðabirgðaskýrslu frá matshópnum í lok júní, og ferlinu lauk svo með álitagerð til ráðherra í lok ágúst. Á grundvelli álitagerðarinnar veitti síðan menntamálaráðherra Listaháskólanum fullnaðar viðurkenningu *án skilyrða*, sem háskóla á sviði lista, með sérstöku viðurkenningarskjali sem afhent var með mikilli athöfn í Listasafni Íslands þann 5. september. Listaháskólinn var þar með fyrsti háskólinn í landinu til að fá viðurkenningu samkvæmt nýjum lögum fyrir heildarstarfsemi sína.

Stefnumótun 2007 – 2011:

Eins og kom fram hér að framan þá var það liður í undirbúningi fyrir umsókn um viðurkenningu að endurskoða stefnu skólans og markmið. Skólinn setti sér mjög ítarleg markmið með stefnufirlýsingu sinni 2004, og þótt sú yfirlýsing næði til fjögurra ára, þ.e. til 2008, var orðið tímabært að skoða aftur hvert við vildum stefna og endurnýja markmiðin. Þessi vinna fór af stað á haustdögum 2006, og þá sérstaklega á starfsdögum kennara í lok október, og síðan var henni lokið í samvinnu stjórnenda skólans og stjórnar fjórum mánuðum síðar, eða í lok febrúar.

Niðurstaðan í allri þessari vinnu var sú, að sjálfri stefnu skólans var lítið breytt frá fyrri yfirlýsingu, og eins voru menn hér mjög sáttir við eldri skilgreiningar á hlutverki skólans og þeim gildum sem hann hefur starfað eftir. Því sem var breytt eru allt atriði sem lúta að tímasettum markmiðum varðandi uppbyggingu skólans og einstök stærri verkefni. Hér verða þessi markmið ekki talin upp hvert og eitt, en þau taka á ýmsum ólíkum þáttum, svo sem uppbyggingu náms, þ.m.t. meistaranámi fyrir listamenn og fræðimenn, meistaranámi fyrir kennara, bakkalárnámi í kvikmyndalist og bakkalárnámi í dansi; sett eru markmið í stefnufirlýsingunni um tillögur um nýjar námsbrautir, s.s. skáldabraut, ljósmyndanáms, leikhúshönnun, og kirkjutónlistarnám; markmiðin um rannsóknir fá sérstakan kafla í stefnufirlýsingunni, og annar er um útgáfustarfsemi; uppbyggingu bókasafns eru sett skýr markmið, og sérstakur kafla um skólann og samfélagið, þar sem m.a. er fjallað um samráð við listastofnanir, og að stefnt skuli að því að koma á formlegum vettvangi á milli skólans og atvinnulífs um þróun og mótun stefnu í listum og menningariðnaði; síðast í markmiðskaflanum er svo fjallað um byggingamál skólans, og sett fram sú mentaðarfulla sýn að skólinn komist undir eitt þak haustið 2011.

Eflaust er það sitthvað í þessum nýju markmiðum sem ekki á eftir að rætast innan þeirra tímamarka sem við setjum okkur. Ég hef nefnt meistaranámið í því sambandi. Þá eru það okkur sífelld vonbrigði hversu litlar undirtektir við fáum frá stjórnvöldum við tillögum okkar um kvikmyndanáms við skólann. Það er eins og sama hvað við gerum, menn skilja ekki að í kvikmyndlistinni þurfi menn engu síðri menntunarlegan grunn en í öðrum listgreinum. Við þurfum ekki annað en að fylgjast með íslenskri kvikmyndagerð til að gera okkur það ljóst.

Hitt er svo, að margt annað er að rætast, og nefni ég þar sérstaklega uppbyggingu rannsókna, bókasafnið, sem hefur eflst og stækkað hraðar en við höfum nokkurn tíman þorað að gera okkur vonir um, og svo núna ekki síst byggingamálin, sem hafa komist á fullt skrið eftir undirskrift samninga nú hér um daginn. Önnur verkefni eru í góðum farvegi, og er ég bjartsýnn á að við getum árið 2011 horft til baka, og þá séð að Listaháskólinn hafi staðið undir þeim metnaði sem stefnufirlýsingin núna byggir á.

Stefnufirlýsing Listaháskólans 2007 – 2011 var gefin út í sérstökum bæklingi, auk þess sem hana má finna á vefsvæði skólans.

Gæðaeftirlit / gæðahandbók:

Ég vil sérstaklega geta hér um gæðakerfi skólans og gæðaeftirlit. Listaháskólinn hefur að sjálfsögðu ýmsar leiðir til að fylgjast með innri starfsemi skólans. Markmiðið er auðvitað að tryggja gæði kennslunnar og þjónustunnar sem skólinn veitir, og sjá til þess að það sem aflaga hefur farið verði bætt. Get ég nefnt hér kennslumatið, sem felst í rafrænu mati nemenda á öllum námskeiðum skólans og kennurum; við gerum kannanir á ýmissi þjónustu innan skólans, s.s. á þjónustu háskólaskrifstofu, þjónustu tölvusviðs, og þjónustu bókasafns; og við könnum hug erlendra nemenda til skólans og námsins sem við bjóðum upp á; þá er mikilvægt að ég sem rektor skólans held langa fundi með hinum ýmsu nemendahópum innan skólans, árgöngum og deildum, og tek niður nótur um allt sem þeir hafa fram að færa, sem eru síðan kynntar í deildum fyrir kennurum og starsfólki og birtar á innra vefsvæði skólans. Fyrir utan þetta þá er hver deild með sitt eigið eftirlitskerfi, og deildarforsetar og aðrir stjórnendur fylgjast náið með þróun námsins og framvindu hvers nemanda. Líklega er hvergi í íslenskum háskóla fylgst eins mikið með gangi náms og þroska nemenda eins og í Listaháskóla Íslands.

Til að bæta enn betur gæðaeftirlit skólans réðumst við í það verkefni í fyrra að setja saman sérstaka gæðahandbók þar sem öllum helstu verkferlum í starfsemi skólans er nákvæmlega lýst. Þetta eru alls um eða yfir 80 verkferlar, sem spanna eins ólík svið innan stjórnsýslunnar og ákvarðanir um stefnumótum, ráðningar kennara, gerð námskeiðslýsinga, inntöku nemenda, gerð rekstraráætlana, einkunnaskráningar, starfsmannasamtöl, skjalastjórnun, - svo einhver dæmi séu nefnd. Þessi handbók er afar gagnleg í daglegu starfi, en um leið er hún í raun nákvæm lýsing á því hvernig eitt stykki listaháskóli getur starfað. Með svona bók í hendi mætti sem auðveldast endurtaka leikinn og stofna annan listaháskóla.

Viðmið um gæði náms og prófgráður:

Enn eitt stórverkefnið í stjórnsýslu Listaháskólans á síðasta starfsári var að gefa út svokallaðan “gæðaramma” um menntun, sem kallast á ensku “Qualification Framework,” með lýsingum á viðmiðunum um inntak náms og prófgráður fyrir hverja námsbraut skólans. Alls eru í skólanum fjórtán námsbrautir þannig að þetta er heilmikið verk. Hverjum háskóla er ætlað að birta svona gæðaramma eða viðmið, og er þeim áskilið ef þeir vilja fá viðurkenningu stjórnvalda að hafa þau til birtingar fyrir almenningssjónir. Þetta verkefni tengdist þannig umsókn skólans um viðurkenningu, sem ég fjallaði um hér áðan.

Ekki er hér ráðrúm til að lýsa í neinum smáatriðum hvað felst í því að skilgreina viðmiðin í náminu með þeim hætti sem hér var áskilið, en í stuttu máli og einfölduðu m segja að um sé að ræða lýsingar á því hvaða þekkingu, hæfni, og færni nemandinn skal hafa yfir að ráða í lok náms á viðkomandi braut, á ensku “learning outcomes.” Viðmiðanir í hverjum háskóla taka mið af almennari gæðaramma sem nær til allrar háskólamenntunar í landinu.

Til að leggja grunn að viðmiðunum skólans söfnuðum við sem ítarlegustum upplýsingum úr starfi skólans um gerð og eðli námsins, og reyndum að finna það sem er sameiginlegt í öllum greinum og um leið að skýra hver sérstaða þeirra er. Að

vinnunni komu allir helstu stjórnendur skólans og faglegir sérfræðingar. Safnað var saman helstu lykilorðum og hugtökum úr gögnum skólans, s.s. úr stefnuyfirlýsingum, kynningartextum, kennsluskrá, námslýsingum, greinaskrifum, ræðum og faglegum úttektum, og þau síðan flokkuð eftir skyldleika, - það sem þótti minniháttar grisjað út en það mikilvægara sett í forgrunn. Þannig unnum við okkur til samkomulags um uppröðun fimm meginþátta, sem hver um sig hafði að baki skilgreiningar og lykilhugtök sem eru innbyrðis tengd. Úr þessu var heillegt plagg, sem allir voru sammála um að gæti nýst sem verkfæri og stjórnunartæki við skilgreiningu námsins og eftirlit.

Hitt er svo, að til að aðlaga okkar viðmið að hinum almennari landsviðmiðum, sem menntamálaráðuneytið hafði birt og voru ekki nema að litlu leyti unnin í samráði við okkar skóla, þá þurftum við að sveigja til orðalag og skilgreiningar með þeim hætti að varla er hægt að segja að um okkar plagg sé lengur að ræða. Lykilhugtök eins og “sköpun” og “innsæi” hafa ekki það sama vægi og við vildum, og okkar áherslur á færni og þjálfun á sér ekki samsvörun í þeim viðmiðunum sem aðrir háskólar setja sér. Þarna einmitt kemur í ljós hversu sérstaða listnámsins er mikil gagnvart hefðbundnara háskólanámi. Engu að síður þá höfum við birt okkar gæðaramma, viðmiðin liggja fyrir, og stjórnvöld eru ánægð með að hinum formlegu skyldum hafi verið sinnt. Ég lít á það hins vegar sem næsta verkefni að yfirfara alla textana enn á ný, og þá taka okkur aukið svigrúm gagnvart landsrammanum til að skýra það sem við hér raunverulega gerum með þeim orðum sem við sjálf skiljum og kunnum best. Þá fyrst verða þessi viðmið það verkfæri sem við virkilega getum notað.

Dansnám til BA prófs:

Eins og kom fram á síðasta ársfundi hófst nám á tveimur nýjum brautum innan leiklistardeildar haustið 2005, þ.e. fræði og framkvæmd með námi til BA prófs, og eins árs diplómanám í dansi.

Strax vaknaði mikill áhugi hjá bæði nemendum og kennurum, að auka við námið á dansbrautinni þannig að það fyllti upp í fullt nám þriggja ára nám til BA prófs. Tillögurnar um lengingu námsins fengu góðar undirtektir hjá ráðamönnum í menntamálaráðuneyti, og náðist samkomulag um greiðslur fyrir það með sérstökum viðauka við gildandi kennslusamning skólans og ráðuneytisins.

Nemendum sem höfðu verið í diplómanáminu var boðið að þreyta inntökupróf inn á 2. ár BA námsins, og þannig hófst námið nú í haust. Jafnframt var um það samið við ráðuneytið að inntaka nemenda í leiklistardeild gæti átt sér stað annaðhvert ár, og þá í allar þrjár brautir deildarinnar samtímis.

Eins og deildarforseti leiklistardeildar mun koma inn á hér á eftir þá hefur hin nýja dansbraut starfað af miklum metnaði, og er sú umbreyting á náminu sem gerð hefur verið, til mikils stuðning við danslistina í landinu og uppbyggingu atvinnumennsku.

Samningur um rannsóknir:

Í samningi ríkisins og Listaháskólans frá 2005, sem ég vísaði til hérna áðan, er ekki gert ráð fyrir þróun rannsókna innan skólans að öðru leyti en því að kveðið er á um að gera skuli sérstakt samkomulag um uppbyggingu rannsókna og þekkingar á sviðum lista. Samningurinn er fyrst og fremst kennslusamningur.

Á síðasta ársfundi var þetta mál sérstaklega til umræðu þar sem erfitt hafði reynst að fá menntamálaráðuneytið til að standa við þetta ákvæði að gera skuli sérstakt samkomulag um þróun rannsókna innan skólans. Því var það sérstakt fagnaðarefni þegar undir lok síðasta árs ráðuneytið féllst á sérstakt framlag til skólans til að standa straum af stofnun rannsóknarþjónustu við skólann og um leið að leggja grunn að þróun rannsókna í listum á breiðari grundvelli.

Samningurinn sem gerður var er ekki flókinn. Þar er kveðið á um tilgang hans, og hlutverk rannsóknarþjónustunnar skilgreint í nokkrum liðum. Framlag ríkisins til samningsins var kr. 10 milljónir fyrir 2006. Ekki há fjárhæð miðað við hvað aðrir háskólar eru að fá til rannsókna, en þó einhver byrjun samt.

Rannsóknarþjónusta Listaháskólans er nýtt stoðsvið innan skólans. Forstöðumaður var ráðinn síðastliðið sumar, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, mannfræðingur, og tók hún til starfa 1. sept. Fyrirliggjandi er greinargerð Ólafar um störf hennar síðan hún byrjaði.

Tillögur um meistaranám:

Tillögur um meistaranám við skólann hafa verið í smíðum undanfarin þrjú ár. Að því verki hafa komið flestir kennarar skólans, deildarforsetar, auk rektors. Fyrir liggur heildarlýsing á náminu sem er rammi utan um þær sérgreindu brautir sem boðið verður upp á. Þar er m.a. kveðið á um tilgang námsins og hvers konar nám þetta er, um prófgráðurnar, hugsanlegan nemendafjölda, um rannsóknir og listsköpun sem hluti af náminu, kröfur til kennara, um gæðaviðmið og gæðamat, inntökukröfur, um uppbyggingu námsins og helstu þætti kennsluskrár, um útskriftarverkefni, um alþjóðlegan samánburð og stöðu, um samvinnu við aðra háskóla, og fjallað um á hvaða tungumáli eigi að kenna. Með þessari lýsingu á meistaranáminu fylgir greinargerð þar sem fjallað er um forsendur fyrir náminu, stöðu skólans, og hvaða áhrif uppbygging meistarnáms getur haft fyrir stöðu rannsókna í listum og uppbyggingu menningarlífs í víðasta samhengi. Lýsingin á meistaranáminu var lögð fyrir stjórn skólans í mars í fyrra og samþykkt sem hluti af stefnumörkun skólans.

Sannast sagna hefur þokast hægar áfram í að koma tillögum okkar um meistaranám í framkvæmd en við höfðum vonast til. Við höfðum gert okkur vonir um að byrja með fyrstu brautirnar nú í haust, haustið 2007, en nú er ljóst að það dregst enn frekar, og jafnvel til haustsins 2009. Ástæðurnar eru auðvitað fyrst og fremst þær, að skólinn sækir eftir þátttöku ríkisins í greiðslum fyrir námið, og fyrr en samningur liggur þar um verður ekki hægt að fara af stað.

Þá hafa verið uppi efasemdir um að skólinn sé tilbúinn til að stíga þetta skref að hefja meistaranám. Kjarni fastra kennara sé enn of lítill, og rannsóknir á byrjunarstigi. Innan

skólans erum við einmitt mjög meðvituð um þessi atriði, og er einmitt unnið að því markvisst að efla þann kjarna frábærra kennara sem kenna við skólann og um leið að virkja þann mikla auð til rannsókna og listsköpunar sem er hér innan dyra. Hin nýja rannsóknarþjónusta gegnir hér mikilvægu hlutverki. Þá er alveg ljóst að skólinn þarf að skilgreina betur hvaða brautir það eru nákvæmlega innan meistaranámsins sem hann vill setja í forgang, frekar færri en fleiri, því með góðu upphafi í fáum brautum opnast möguleikarnir til meiri fjölbreytni síðar meir.

Starfsmannastefna:

Ég hef hér á undan gert grein fyrir viðmiklum verkefnum á sviðum stjórnsýslu skólans sem unnin voru á síðasta starfsári í tengslum við umsókn skólans um viðukenningu. Til viðbótar þeim verkefnum vil ég hér nefna sérstaklega starfsmannastefnu skólans.

Starfsmannastefna Listaháskólans leit dagsins ljós í febrúar síðastliðnum. Stefnan er all ítarleg og er unnin út frá þeirri reynslu sem við hér höfum aflað okkur í rekstri skólans. Með starfsmannastefnunni er komin umgjörð um ýmis mikilvæg mál sem lúta að stöðu starfsmanna gagnvart skólanum, ráðningum og starfsþróun, meðferð launa- og kjaramála, öryggi, heilbrigði, samskiptum og miðlun upplýsinga, og samstarfi við Starfsmannafélag.

Þá um leið voru gefnar út sérstakar leiðbeiningar um orlof, yfirvinnu og veikindarétt starfsmanna. Mótun starfsmannastefnunnar var unnin í samráð við stjórn Starfsmannafélagsins.

Jafnréttisnefnd:

Fyrir rúmlega tveimur árum tók gildi sérstök jafnréttisáætlun innan skólans. Markmið hennar er að tryggja jafnrétti karla og kvenna innan háskólasamfélagsins með markvissum aðgerðum og hvetja til virkar umræðu um jafnréttismál á öllum sviðum skólastarfsins. Sérstök jafnréttisnefnd fylgir áætluninni eftir. Sem lið í því boðaði nefndin til lítillar hátíðar, sem kölluð var “kynjadagar,” þar sem boðið var upp á ýmsar uppákomur og fróðleik sem tengist jafnréttismálum með ýmsum hætti. Hátíðin þótti takast vel, og tóku nemendur og starfsfólk virkan þátt.

Kynningar:

Listaháskólinn kynnir starfsemi sína með ýmsum hætti. Skólinn tekur þátt í ýmsum kynningum þar sem nemendum framhaldsskólanna er sérstaklega boðið og ennfremur gefur skólinn út ýmsa bæklinga og kynningarefni til fróðleiks fyrir þá sem eru að hugsa um að sækja um vist í skólanum. Skólinn heldur “opinn dag” að hausti þar sem fólki er boðið skoða allar byggingar, og nemendur okkar ekki síst leiða gestina í allan sannleikann um námið og skipulag þess. Sameiginleg kynning með hinum háskólunum er venjulega haldin snemma á útmánuðum. Helsta kynning skólans felst þó í nemendunum sjálfum, verkefnum þeirra, sýningum, tónleikum og þeim fjölmörgu uppákomum sem þeir standa fyrir í nafni skólans.

Heimasíða skólans hefur verið í endurskoðun. Sú endurskoðun hefur tekið alltof langan tíma og hefur ekki verið einleikið hversu illa hefur gengið að koma henni í það form sem við höfum stefnt að. Það á bæði við hina tæknilegu hlið og skipulag síðunnar. Vonandi rætist þó úr þeim málum fljótt.

Bókasafn:

Hér fyrir fundinum liggur fyrir ítarleg skýrsla forstöðumanns bóksafns fyrir síðasta starfsár. Það er sérstaklega gleðilegt að sjá hversu safninu vex fiskur um hrygg á öllum sviðum. Safneignin vex með hverju árinu og nemendur nýta sér þjónustu þess í stórauðnum mæli. Útlánnum fjölgaði um 25 % á milli ára, sem er athyglisvert sérstaklega þegar haft er í huga að útlánnum á árinu á undan hafði einnig fjölgað mjög mikið eða um 20 %.

Mötuneyti:

Skólinn rekur nú þrjú mötuneyti í jafnmörgum byggingum. Síðast opnaði mötuneyti í Skippholti haustið 2006 fyrir nemendur og starfsfólk sem þar vinnur. Þetta nýja mötuneyti eins og hin tvö býður upp á úrvalskost, og get ég sagt að bæði nemendur og starfsmenn eru yfir sig ánægðir með þjónustu og matargæði sem þar er boðið upp á.

Verkstæði og tölvusvið:

Verkstæði skólans heyra undir deildir, og því geri ég ekki sérstaka grein fyrir þeim hér. Þó vil ég segja að ásókn að verkstæðunum fer sífellt vaxandi og er yfirleitt mikil ánægja með þjónustu þeirra. Á tölvusviðinu urðu talsverð umskipti á síðasta skólaári, og er nú verið að sníða starfsemina til eftir stefnu hins nýja forstöðumanns.

Opni listaháskólinn:

Starfsemi Opna listaháskólans var með minnsta móti síðasta skólaár. Engin námskeið voru haldin og takmarkaðist starfsemin við opna fyrirlestra sem haldnir voru ýmist í Laugarnesi eða Skippholti. Alls voru haldnir undir merkjum Opna listaháskólans 36 opnir fyrirlestrar á síðasta starfsári, 20 um myndlist, og 16 um hönnun og arkitektúr.

Óljóst er hver verður framtíð Opna listaháskólans, en við höfum þó sett okkur það takmark að endurskoða starfsemi hans á næsta ári svo hann geti tekið til starfa í endurnýjuðu formi árið 2009. Þælingarnar með Opna listaháskólann tengjast líka hugmyndum um alþjóðlegan Sumarháskóla, sem rætt hefur verið um að koma á laggirnar þegar skólinn flytur í nýtt hús.

Samráð við listastofnanir:

Listaháskólinn á í samvinnu við fjölmargar lista- og menningarstofnanir, bæði hér í borginni og úti á landi. Mest fer samvinnan í gegnum deildirnar beint, og gera deildarforsetar grein fyrir henni hér á eftir. Þó vil ég geta hér um það framtak okkar að boða forstöðumenn listastofnana á sérstakan samráðsfund, þar sem við kynntum helstu málefni skólans, stefnu hans og framtíðarsýn.

Sérstaklega var rætt á þessum fundi um áform skólans um uppbyggingu rannsókna, og sýndu forstöðumennirnir áætlunum skólans mikinn stuðning. Það er alveg ljóst að miklir möguleikar felast í samvinnu skólans og listastofnana á þessum grundvelli, og er það mín von að með tímanum eflist hún enn frekar og leiði til þess að í landinu verði til formlegur vettvangur atvinnulífs og akademíu um þróun og stefnu í listum og menningariðnaði. Í því sambandi gætum við haft til fyrirmyndar hvernig viðskiptalífið hefur komið sínum málum fyrir hvað þetta varðar.

Húsnæði og framkvæmdir:

Listaháskólinn starfar á þremur stöðum í borginni: Í Laugarnesi þar sem er myndlistardeild og kennaranám, á Sölvhólsgötu þar sem eru í sambýli tónlistardeild og leiklistardeild, og svo í Skipholti þar sem er aðalskrifstofan og húsnæði hönnunar- og arkitektúrdeildar. Alls um 10.000 m². Umreiknað gagnvart fjölda nemenda þá eru að meðaltali 26,8 m² á nemanda, langmest í Laugarnesi (36,8 m² pr. nemanda) en þrengst er í Skipholti, eða um 20,6 m² pr nemanda).

Helstu framkvæmdirnar voru í Laugarnesi síðastliðið sumar, þegar innréttað var sérstaklega fyrir bókasafnið við hlið mötuneytisins, og vinnustofur færðar til og aðstaða fyrir kennara. Um minni háttar framkvæmdir var að ræða á hinum stöðunum.

Útskrift vorið 2007:

Útskrift skólans fór fram með hátíðarsamkomu í Borgarleikhúsinu 2. júní í Borgarleikhúsinu. Sveinn Einarsson, leikstjóri, hélt hátíðarræðu. Að venju komu fram góðir listamenn við athöfnina, að þessu sinni Benedikt Erlingsson, leikari, sem flutti þjóðlega sagnaskemmtun, og Olivier Manoury, sem lék sóló á bandoneon. Ennfremur var flutt nýtt vídeóverk eftir Gabrielu Friðriksdóttur.

Eins og ég greindi frá hér áður útskrifuðust 122 nemendur frá skólanum árið 2007:

Myndlist: 21 – BA gráða

Hönnun og arkitektúr: 39 – BA gráða

Tónlist: 15 – BA gráða (tónsmíðar og nýmiðlar) / B.Mus. gráða (hljóðf.leikur / söngur)

Leiklist: 15 – BFA gráða (leikarar) / diplóma (dansarar)

Kennaranám: 32 – diplóma

Af útskriftarhópnum voru 27,9% karlar, og 72,1% konur.

Byggingamálin:

Á ársfundinum í fyrra gerði ég ítarlega grein fyrir þróuninni í byggingamálum skólans. Sagði m.a. frá skýrslu starfshóps menntamálaráðherra þar sem byggingamálin voru kortlögð í helstu atriðum, og jafnframt tillögum stjórnar skólans um eignarhald, fjármögnun, og hönnun.

Eins og hér allir vita hefur nú verið skrifað undir samning við Samson Properties ehf. um byggingu fyrir skólann á reit við Laugaveg, Frakkastíg og Hverfisgötu, sem felur í

sér að skólinn leigir bygginguna af Samson Properties til 30 ára. Skólinn á lóðina. Áætlað er að flutt verði inn í nýja bygginu haustið 2011. Við undirskriftina þann 4. desember síðastliðinn gerði ég ítarlega grein fyrir þessum samningi og verður sú ræða ekki endurtekin hér.

Byggingamálin hafa verið stærsta og líklega erfiðasta viðfangsefni stjórnarinnar síðustu árin. Margar skoðanir hafa verið á lofti um hvernig ætti að byggja og hvar. Stjórnin hefur engu að síður verið mjög samstíga í öllum undirbúningnum, og hefur hún fjallað mjög faglega um þá ýmsu kosti sem hafa komið upp.

Málin tóku ákveðna stefnu þegar á síðasta vetri menntamálaráðherra gerði það kunnugt að ríkið væri tilbúið til að gera samning við skólann um fast árlegt húsnæðisframlag sem dygði til að borga leigu fyrir húsnæði sem næði langt í að vera af þeirri stærð sem skólinn þyrfti. Með þessu yrði í raun efnt það gamla fyrirheit, að skólinn fengi fullbúið til afnota skólahúsið í Laugarnesi, SS-húsið, þar sem við einmitt núna höldum þennan fund. Þegar svo lá fyrir að Reykjavíkurborg væri tilbúin til að afhenda skólanum byggingareit í Vatnsmýri, sem dygði fyrir byggingu af þeirri stærð sem skólinn þarf, þá var loksins komin sá alvörukostur sem við höfðum svo lengi beðið eftir. Sameiginleg viljayfirlýsing skólans, ráðuneytisins og borgarinnar frá 7. maí, og samningur skólans og ráðuneytisins um húsnæðisframlög til skólans, sem skrifað var undir á sama tíma, mörkuðu þar tímamót. Það sem síðan gerðist þarf ekki að tíunda hér.

Undirliggjandi í byggingamálunum er húsrýmisáætlun skólans, sem við venjulega köllum bara “þarfagreiningu.” Það eru orðin ein fimm ár síðan við gerðum okkar fyrstu þarfagreiningu, og síðan höfum við þróað hana stig af stigi eftir því sem skólinn hefur vaxið að umfangi og námsbrautum fjölgað. Síðastliðið vor, eða í júní, tókum við enn eina rispuna á þarfagreiningunni, og er það útkoman úr þeirri vinnu sem liggur til grundvallar samningnum við Samson Properties. Einmitt nú þessa dagana er svo verið að ljúka síðustu yfirferð á þarfagreiningunni, og það verður síðan sú útgáfa sem verður lögð til grundvallar í hönnunarsamkeppninni sem auglýst verður nú um næstu áramót. Það fylgir því mikil ábyrgð að gera þarfagreininguna vel úr garði, því hún er sú forskrif sem hönnuðir byggingarinnar hafa til leiðsagnar þegar þeir teikna nýtt hús.

Dansmennt ehf. / Listdansskóli Íslands:

Að lokum vil ég nefna einkahlutafélagið Dansmennt ehf., sem Listaháskólinn keypti vorið 2006 til að reka Listdansskóla Íslands, sem áður var rekinn á vegum ríkisins. Skólaárið 2006 – 07 var fyrsta starfsár Listdansskólans undir stjórn Dansmenntar. Skólastjóri var ráðinn Lauren Hauser, og Jóna Finnsdóttir rekstrarstjóri.

Rekstur Listdansskólans hefur gengið mjög vel þetta fyrsta ár, - sérstaklega þegar á það er litið að mikil ókyrrð hafði áður ríkt í kringum starfseminu og því marglýst yfir að skólinn væri orðinn ónýtur og starfsemin dauð. Afkoman í rekstri var aðeins neðan við núllið, sem verður að teljast gott, sérstaklega þar sem talsverður kostnaður var við endurreisn skólans í nýju rekstrarformi. Allur aðbúnaður í skólanum er miklu betri en áður var.

Helstu verkefni framundan:

Lokagerð húsrýmisáætlunar
Samkeppni um hönnun nýbyggingar í samvinnu við Samson Properties ehf.

Endurskoðun samnings við ráðuneytið
Endurskoðun reiknilíkans fyrir námsbrautir Listaháskólans
Uppstokkun á stjórnkerfi skólans með hliðsjón af ábendingum matsnefndar menntamálaráðuneytis.

Lokavinnsla við tillögur um meistaranám
Tillögur um ljósmyndanám
Tillögur um nám í kirkjutónlist
Áframhaldandi vinna við að stofnsetja nám í kvikmyndalist

Kanna möguleika á námi í skapandi skrifum, skáldabraut
Kanna möguleika á námi í leikhúshönnun

Þróun rannsókna við skólann og uppbygging rannsóknarþjónustu.
Forma rannsóknarstefnu og móta umgerð fyrir rannsóknir innan skólans.

Gera átak í útgáfumálum skólans. Endurnýja vefsíðuna.
Halda áfram uppbyggingu bókasafns, stefnt að 60.000 eintöku við flutning í nýtt hús.
Endurnýja búnað og tæki á verkstæðum skólans.

Efla samráð við lista- og menningarstofnanir.
Koma landsbyggðastefnunni í gagnið.
Móta stefnu fyrir Opna listaháskólann.

Byggja hús.

HHR 10.12.07